

Sveitarfélagið Ölfus	
Þóttedagur:	Málalykill:
09.03.20	13.12
Málsnúmer:	Ábmr.:
16040J6	KI
Fundur Fjallaskilaneftdar haldin í Ráðhúsi Ölfus, 24. febrúar 2020 kl 10.00	

Fjallaskilaneftnd Ölfus.

Fundur Fjallaskilaneftndar haldin í Ráðhúsi Ölfus, 24. febrúar 2020 kl 10.00

Mættir: Halldór Guðmundsson, Snorri Þórarinnsson, Baldur Guðmundsson, Charlotte Clausen, Páll Stefánsson og Valdimar Ó Jónasson sem skrifar fundargerð.

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Málefni fundarins er:

Álagning fjallaskila 2019 – samantektir og uppgjör.

Fjöldi dagsverka	175 dagsverk í fyrstu og annari leit
Aukaleitir	30 aukaleitir
Útréttir	6 dagsverk
Leitarstjórn	4 dagsverk
Réttarstjórn	2 dagsverk
Akstur	1650 km

Fjöldi fjár í sveitarfélaginu 1495

Taxtar:

Ákveðið að hafa taxa þá sömu og undanfarin ár.

Dagsverk	kr. 8.000
Útréttir	kr. 5.000
Leitar og Réttarstjórn	kr. 12.000
Aukaleitir	kr. 11.000
Akstur	kr. 130/km

Samtals kostnaður við fjallaskil er því 2.046.500. kr.

Skipting fjallaskilakostnaður er samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá apríl 2015 og skiptist þannig:

Bæjarsjóður Ölfus 613.950 kr og fjáreigendur 1.432.550 kr.

Kostnaður á hverja kind: 959 kr.

Smölun afrétta að hausti.

Fyrirkomulag um smaladaga kynnt:

Umræður um tímasetningar og fyrirkomulag haustleita. Fjallaskilareglugerð segir að smala skuli fyrri leitir í 22. viku sumars og seinni leitir tveimur vikum síðar.

Í nýrri markaskrá sem út kemur á þessu ári mun koma fram breyting á 11 gr. fjallaskilareglugerðar þar sem smala skal fyrri leit í 37. viku ársins og seinni leit í 39. viku ársins.